

Ár 2012, fimmtudaginn 6. september kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Njörður Sigurðsson í forföllum Róberts Hlöðverssonar.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir formaður setti fund og stjórnaði.

Í upphafi fundar var Njörður boðin velkomin til síns fyrsta fundar í bæjarráði.

Formaður leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Ályktanir:

- 1.1. **Ályktun vegna uppsagnar fréttaritara RÚV á Suðurlandi.**
Bæjarráð Hveragerðisbæjar mótmælir harðlega uppsögn fréttaritara RÚV á Suðurlandi. Með uppsögninni er vegið að hagsmunum þessa stóra landsfjórðungs sem nú situr eftir einn án fréttaritara ríkisfjölmiðilsins. Fréttaritarar landshlutanna hafa í gegnum árin átt stóran hlut í því að koma málefnum landsbyggðarinnar á framfæri og þannig hafa þeir myndað mótvægi við þá slagsíðu sem óneitanlega getur orðið í frétttaflutningi þegar allir starfsmenn sitja meira og minna í sama húsinu í Reykjavík. Nú skal Suðurland skilið eftir án fréttaritara Ríkisútvarpsins/sjónvarps, við það verður ekki unað og skorar bæjarráð því á yfirmenn RÚV að endurskoða ákvörðun sína

2. Bréf sem borist hafa frá:

- 2.1. **Sveitarfélaginu Árborg frá 24. ágúst 2012.**
Í bréfinu óskar bæjarráð Árborgar Hveragerðisbæ og íbúum hans, svo og Sunnlendingum öllum, til hamingju með glæsilegt íþróttamannvirki,
Bæjarráð þakkar bæjarráði Árborgar góðar óskir.
- 2.2. **Fjármálaráðuneytinu frá 16. ágúst 2012.**
Í bréfinu er óskað eftir tilnefningu til Nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu og stjórnsýslu og boðað til Nýsköpunarráðstefnu 30. október 2012 á Grand hótél Reykjavík.
Lagt fram til kynningar.
- 2.3. **Velferðavaktinni frá 22. ágúst 2012.**
Í bréfinu hvetur Velferðavaktin sveitarstjórnir og skólanefndir til að huga sérstaklega að líðan barna í upphafi skólaárs.

Lagt fram til kynningar.

2.4. **Skólaskrifstofu Suðurlands frá 31. ágúst 2012.**

Í bréfinu er kynnt að fyrirhugað er að halda málstofur fyrir sunnlenskt skólafólk 31. október n.k. Óskað er eftir að skólafólki sé gefið leyfi til að mæta á þingið en til þess þarf að loka skólum eftir hádegi þann 31. október.

Bæjarráð samþykkir að skólastjórnendur meti þörf á þátttöku einstakra starfsmanna í málstofunum og hliðri til störfum í skóla í samræmi við það. Bæjarráð mælist til þess að ekki verði gefið almennt frí í skólunum þennan eftirmiðdag.

2.5. **Umhverfisstofnun frá 23. ágúst 2012.**

Í bréfinu er rætt um notkun vélknúinna ökutækja við leitir.

Lagt fram til kynningar.

2.6. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 22. ágúst 2012.**

Í bréfinu er kynnt námstefna á Akureyri 12. október sem haldin er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands.

Bæjarráð samþykkir að formaður fræðslunefndar sem jafnframt er formaður stjórnar skólaskrifstofu Suðurlands sækji námsstefnuna.

2.7. **Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði frá 28. ágúst 2012.**

Í bréfinu er óskað eftir samstarfi vegna alþjóðlegs rannsóknaverkefnis er tengist vörnum og viðbúnaði gegn jarðskjálftum í þéttbýli. Snýr verkefnið að þróun aðferða sem einkum nýtast stjórnendum sveitarfélaga og almannavarna.

Bæjarráð samþykkir umrætt samstarf og telur jafnframt að verkefnið geti verið afar gagnlegt á sviði forvarna í bæjarfélaginu.

2.8. **Sveitarfélaginu Árborg frá 14. ágúst 2012.**

Í bréfinu er lögð fram tillaga um stofnun byggðasamlags um eignarhald á fasteignum í Árborg sem nýttar eru vegna málefna fatlaðra.

Bæjarráð samþykkir að fresta afgreiðslu erindisins og felur bæjarstjóra jafnframt að leita frekari upplýsinga um málið.

2.9. **Golfklúbbi Hveragerðis frá 3. september 2012.**

Í bréfinu er óskað eftir að girðing norðan Friðarstaða verði fjarlægð.

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti og felur skipulags- og byggingafulltrúa að kanna hvort nokkuð standi í vegi fyrir því að umrædd girðing verði fjarlægð og reiðleiðinni um svæðið með því fundin farsælli leið.

2.10. Halldóru Guðlaugu Steindórsdóttur frá 24. ágúst 2012.

Í bréfinu óskar Halldóra eftir að Hveragerðisbær endurgreiði að hluta kostnað við talþjálfun. Með bréfinu fylgir afgreiðsla Sjúkratrygginga Íslands á umsókn þar sem umsókn um greiðsluþátttöku var hafnað.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við erindinu enda telur bæjarráð skyldur sjúkratrygginga til greiðsluþátttöku í talþjálfun barna og unglunga ótvíræða.

Bæjarráð átelur Sjúkratryggingar Íslands(SÍ) harðlega fyrir höfnun erindis Halldóru sem er í andstöðu við gildandi lög og reglugerðir og jafnframt í andstöðu við upplýsingar sem gefnar eru á heimasíðu SÍ þar sem segir orðrétt: „*Greidd eru 80% af kostnaði við nauðsynlega talþjálfun fyrstu 30 skiptin fyrir börn og unglunga yngri en 18 ára.*“ Það að annað skuli hafa verið ákveðið í samningi SÍ og talmeinafræðinga getur aldrei sett skyldu á sveitarfélög umfram það sem lög landsins hafa ákveðið enda eru sveitarfélögin ekki aðilar að umræddum samningi. Fyrir liggur að starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa unnið að lausn þessa máls um nokkurn tíma og hvetur bæjarráð þá aðila sem og viðkomandi ráðuneyti til að finna ásættanlega lausn á þessu máli hið allra fyrsta því börnin líða fyrir þessa stöðu á meðan ekki finnst lausn.

2.11. Jóhönnu Rut Ingvarsdóttur ódagsett.

Í bréfinu óskar bréfritari eftir að fá inngöngu í Tónlistarskóla Árnesinga þrátt fyrir að vera eldri en 18 ára.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

3. Fjárhagsleg málefni:

3.1. Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa frá 29. ágúst 2012.

Í minnisblaðinu ræðir menningar- og frístundafulltrúi um kaup á gólfþvottavél í íþróttahúsið Skólamörk.

Bæjarráð samþykkir erindið. Helmingur fjárveitingar rúmast innan þegar samþykktar fjáhagsáætlunar fyrir íþróttahúsið, að öðru leyti verður fjárveiting tekin af liðinum 21-01-9990 Til síðari ráðstöfunar bæjarstjórnar.

3.2. Opnun tilboða í verkið "Gatnagerð og göngustígur við Breiðumörk 2012".

Opnun tilboða í verkið "Gatnagerð og göngustígur við Breiðumörk 2012" fór fram 30. ágúst. Alls bárust 6 tilboð í verkið.

| Bjóðendur | Tilboðsfjárhæð |
|---|----------------|
| Arnon ehf. | 14.405.500.- |
| Jákvætt ehf | 14.266.400.- |
| Jákvætt ehf frávikstilboð | 14.126.400.- |
| Loftorka ehf. | 14.348.500.- |
| Mjólnir | 15.032.320.- |
| Rein sf | 17.937.520.- |
| Kostnaðaráætlun Verkfræðistofu Suðurlands ehf | 14.506.500.- |

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðenda Jákvætt ehf, frávikstilboð.

4. Tæknileg málefni:

4.1. Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 29. ágúst 2012.

Í minnisblaðinu er rætt um umferðarskipulag - lokun gatna.

Lagt er til að Skipulags og byggingarnefnd verði falið að kanna með lokun gatnamóta Bröttuhlíðar og Klettahlíðar og lokun Skólamerkur fyrir gegnumakstri.

Bæjarráð samþykkir tillögurnar sem fram koma í minnisblaðinu og felur skipulags- og byggingarnefnd að vinna að framgangi þessara mála. Bæjarstjóra ásamt skipulags- og byggingarfulltrúa jafnframt falið að ræða við forsvarsmenn Dvalarheimilisins Áss um tillögur um breytta götuskipan.

5. Fundargerðir til kynningar:

5.1. SASS frá 2. maí og 10. ágúst 2012.

Bæjarráð óskar eftir upplýsingum um rekstur almenningssamgangna fyrstu 6 mánuði ársins. Jafnframt óskar bæjarráð eftir því að fá senda samninga SASS við Sveitarfélagið Árborg um Árborgarstrætó og samning á milli SASS og FSU.

- 5.2. **Skólaskrifstofu Suðurlands frá 30. ágúst 2012.**
- 5.3. **Sorpstöð Suðurlands frá 9. og 28. ágúst 2012.**
- 5.4. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 31. ágúst 2012**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:35.

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign.)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)